

**Mál nr. 14/2018****M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.1.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 23.1.2018.

**Málsatvik.**

Hinn 3. september 2012 var A ekið á bifreið sem M ók. Hann leitaði sama dag til læknis á heilsugæslustöð. Í samskiptaseðli vegna þessarar komu á heilsugæslustöðina kemur fram að bifreið hafi verið ekið í miðja hægri hlið bifreiðar hans af miklum krafti. Hafi hann fengið hnykk á sig frá hlið og verið með verki í hálsi og hægri öxl. Hreyfingeta hafi verið eðlileg í höndum og hálsi. Hann hafi kvartað um verki við að hreyfa í öxlinni og aumur framar í öxlinni.

M gekkst undir TS rannsókn af „lumbalhrygg 7. mars 2016, en í rannsóknarniðurstöðunni segir um sjúkrasögu M að hann sé sjómaður með margra ára sögu um verki í mjóbaki með leiðni niður rasskinnar. Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir: „Disk degeneratívar breytingar með aðeins diskútbungun til vinstri á L4-L5 bilinu án þess að sýnt sé fram á þrýsting á taug.

M kom til skoðunar hjá bæklunarlækni 21. apríl og 17. júlí 2017. Í vottorði læknisins, dags. 22. júní 2017, segir að M hafi komið til hans í þessi tvö skipti „og hafði ekkert lagast.“ Hann hafi verið með „paravertebral“ eymsli í hálsi og mjóbaki og verið með verki við ystu hreyfingarmörk. Gróf taugaskoðun hafi verið eðlileg. Hann hafi verið með verki við ystu hreyfingarmörk í hálsi, mjóbaki og hægri öxl. Í samantektarkafli vottorðsins segir að M hafi verið að reyna að vinna á sjónum, en eigi erfitt með að stunda sjóinn vegna verkja og erfíðleika við að beygja sig í bakinu. Hann sé alltaf með verki og segist ekkert hafa lagast. Ekki sé búist við frekari bata úr þessu og ekki sé hægt að bæta ástandið með frekari læknisaðgerðum.

Ekki er um það deilt að ökumaður A bar ábyrgð á árekstrinum í september 2012. M kveður sjúkdómseinkenni þau sem rakin eru í vottorði bæklunarlæknisins séu af völdum árekstursins og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Slysdaginn leitaði M til læknis vegna verkja í hálsi og hægri öxl. Vegna margra ára sögu um einkenni frá mjóbaki fór hann í rannsókn af bakinu í mars 2016. M leitaði svo til bæklunarlæknis í apríl 2017 eða rúmum fjórum og hálfu ári eftir tjónsatvikið. Kvartanir M virðast einkum stafa frá einkennum í mjóbaki, en slíkra einkenna var ekki getið við lækniskomuna á slysdagi. Ekkert í gögnum málsins gefur tilefni til að ætla að mjóbakseinkennin megi rekja til árekstursins í september 2012. Engin matsgerð hæfra og óvilhallra aðila, svo sem dómkvaddra matsmanna, liggur fyrir um hverjar séu afleiðingar sem M kunni að búa við í dag af völdum árekstursins. Það sem fram kemur í fyrrgreindu vottorði bæklunarlæknisins dugir ekki til sönnunar þess að M búi nú við sjúkdómseinkenni sem megi rekja til téðs áreksturs. Að virtum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem veitir honum rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 9. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.